

TÆKNIMINJASAFN AUSTURLANDS

HAFNARGÖTU 44 , 710 SEYÐISFIRÐI SÍMI:472-1596 NETFANG: tekmus@sfk.is

(endurrit úr fundagerðarbók)

Stjórnarfundur 29. desember 2008

Mættir eru Cecil Haraldsson, Hjörtur Harðarson, Sigurður O. Sigurðsson, Björn Hansson, Þorkell Helgason og Pétur Kristjánsson. Daniel Nielsson hefur boðað forföll.

1. Ársskýrsla ársins 2007. Pétur kynnir og fer yfir skýrsluna. Á síðasta ári snérist starfsemin mikið um 100 ára afmæli Vélsmiðjunnar, auk annara verkefna, t.d. skipt um klæðningu á þaki Angró, gluggar lagaðir í Vélsmiðju. Af sýningum má nefna sýningu um stofnanda Vélsmiðjunnar, “Jóhann Hansson – strákurinn frá Djúpavogi sem höndlaði nútímann”. Eldsmiðjuhátíð var haldin 27.-29. júlí þar sem fjórir eldsmiðir sýndu handbragð sitt, og verk norskrar veflistakonu voru til sýnis í ágústmánuði í Angró. Einnig sinnti safnið kynningum, heimsóknum og samstarfi, auk rannsóknaverkefna. Cecil spyr um flokkun og vörslu bréfa sem eru í umsjón safnsins og kunna að varða persónulega hagi fyrri tíðar manna. Pétur segir að farið sé eftir starfsreglum safna og þess gætt að fara með skjöl og bréf eftir lögum um persónuvernd.
2. Ársreikningur 2007. Pétur kynnir reikningana og fer yfir helstu niðurstöðutölur. Reikningar samþykktir.
3. Staða verkefna og fjármála fyrir árið 2008. Pétur telur að fjárhagsleg staða safnsins sé ásættanleg miðað við það ástand sem nú ríkir. Hugsanlega mun safnið hafa upb 20 milljónir til umráða á þessu ári, en þess verði gætt að fara vel með fjármuni, eins og alltaf er reynt. Verkefni ársins eru hefðbundin, en m.a. liggur fyrir að bæta þarf aðgang fatlaðra að húsnæði safnsins.
4. Endurskoðuð framkvæmdaáætlun 2009-2012. Fyrstu drög áætlunar liggja fyrir og eru þau samþykkt með fyrirvara um endurskoðun eftir áramótin.
5. Fjárhagsáætlun 2009-1. Borin upp og samþykkt.
6. Önnur mál voru engin og fundi slitið.

Cecil Haraldsson (sign)
Þorkell Helgason (sign)
Hjörtur Harðarson (sign)
Sigurður O. Sigurðsson (sign)
Björn Hansson (sign)
Pétur Kristjánsson (sign)

Vagga



TÆKNIMINJASAFN AUSTURLANDS

Hafnargötu 44, 710 Seyðisfirði sími:472-1596 fax:472-1567 tekmus@sfk.is